

# ÚTBOD

## Rammasamningur þjónusta iðnaðarmanna

# MÁLNINGARVINNA

Garðabær



Útboðs- og verklýsing

Júní 2021

**Efnisyfirlit****Bls.****0 ÚTBOÐSLÝSING.....4**

<b>0.1 Almennt um útboðið .....</b>	<b>4</b>
0.1.1 Almennar upplýsingar um verkið .....	4
0.1.2 Umsjónaraðili útboðsins .....	4
0.1.3 Útboðsyfirlit .....	4
0.1.4 Samningi skipt í hluta .....	4
0.1.5 Útboðsgögn .....	4
0.1.6 Tungumál .....	5
<b>0.2 Almennir útboðsskilmálar .....</b>	<b>5</b>
0.2.1 Lög og reglugerðir .....	5
0.2.2 Samskipti á tilboðstíma og fyrirspurnir .....	5
0.2.3 Afhending tilboða .....	5
0.2.4 Tilboð - framsetning og frágangur .....	5
0.2.5 Fylgigögn með tilboði .....	6
0.2.6 Afturköllun tilboða .....	6
0.2.7 Framlenging á gildistíma tilboða .....	6
0.2.8 Opnun tilboða .....	6
0.2.9 Frávísun tilboða .....	6
0.2.10 Tilkynning um val tilboðs og biðtími .....	6
0.2.11 Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs .....	6
0.2.12 Undirverktaka .....	7
0.2.13 Almennir fyrirvarar .....	7
0.2.14 Fyrirvari um óvirkn samnings og bótaskyldu kaupanda .....	7
0.2.15 Persónuvernd .....	7
0.2.16 Trúnaður .....	8
0.2.17 Leiðbeiningar um kæruleiðir .....	8
<b>0.3 Hæfi bjóðanda .....</b>	<b>8</b>
0.3.1. Yfirlysing um hæfi - ESPD .....	8
0.3.2. Byggt á getu annarra .....	8
0.3.3. Útilokunarástæður bjóðanda .....	9
0.3.4 Starfsréttindi .....	9
0.3.5 Fjárhagsstaða bjóðanda .....	9
0.3.6 Opinber gjöld .....	10
0.3.7 Umhverfismál .....	10
0.3.8 Tæknileg og fagleg geta bjóðanda .....	10
0.3.9 Áskilnaður um frekari upplýsingar um hæfi á síðari stigum .....	12
<b>0.4 Valforsendur .....</b>	<b>12</b>
0.4.1 Val á tilboðum .....	12
<b>0.5 Frávikstilboð .....</b>	<b>12</b>

**1 VERK- OG TÆKNILÝSING.....13**

<b>1.1 Almennt .....</b>	<b>13</b>
1.1.1 Almennt um verkefnið .....	13
1.1.2 Vinnuaðstaða - vinnutími .....	13
1.1.3 Samvinna og samskipti á samningstíma .....	13
1.1.4 Gæði vinnu / efni .....	14
1.1.5 Vinna .....	14
1.1.6 Verkbeiðni - tímaskráning .....	14
1.1.7 Viðbragðsáætlun .....	14
1.1.8 Umfang samnings .....	14
1.1.9 Framkvæmd og verkliðir .....	15
<b>1.2 Magntölvinna .....</b>	<b>16</b>
1.2.1 Málningarvinna utanhúss .....	16
1.2.1.1 Nýmálun viðar utanhúss með þekjandi alkýðolíumálningu .....	16
1.2.1.2 Endurmálun viðar utanhúss með þekjandi alkýðolíumálningu .....	16
1.2.1.3 Inndreyping vatnsfælu á steypta fleti .....	17
1.2.1.4 Nýmálun steypta flata .....	17
1.2.1.5 Endurmálun steypta flata utanhúss .....	17
1.2.1.6 Nýmálun steypta gólf .....	17

**Efnisyfirlit**

	<b>Bls.</b>
1.2.1.7 Endurmálun steyptra gólfá.....	17
1.2.1.8 Nýmálun á málmi utanhúss.....	17
1.2.1.9 Endurmálun á málmi utanhúss.....	18
1.2.2 Málningarvinna innanhúss .....	18
1.2.2.1 Sandspörtlun nýrra steyptra flata .....	18
1.2.2.2 Nýmálun steyptra flata.....	18
1.2.2.3 Endurmálun steyptra flata .....	18
1.2.2.4 Nýmálun gipsplötu flata .....	18
1.2.2.5 Endurmálun gipsplötu flata.....	19
1.2.2.6 Nýmálun viðar inni .....	19
1.2.2.7 Endurmálun viðar inni .....	19
<b>1.3 Tímovinna.....</b>	<b>19</b>
1.3.1 Tímovinna iðnaðarmanns.....	19
1.3.2 Tímovinna verkamanns.....	20
1.3.3 Akstur.....	20
<b>2 SAMNINGSSKILMÁLAR .....</b>	<b>21</b>
2.1 Samningur .....	21
2.2 Samningstími.....	21
2.3 Samskipti á samningstíma .....	21
2.4 Öryggi á vinnustað og heilbrigðismál.....	21
2.5 Greiðslur .....	21
2.6 Úttagður kostnaður .....	21
2.7 Verðbætur .....	21
2.8 Vanefndir og uppsögn samnings .....	21
2.9 Starfskjör .....	22
2.10 Endurskoðunarákvæði – breytingar á samningstíma.....	22
2.11 Ábyrgð og tryggingar .....	22
2.12 Framsal á réttindum og skyldum .....	22
2.13 Ágreiningsmál .....	22
2.14 Viðauki I - Drög að verksamningi.....	23

## 0 Útboðslýsing

### 0.1 Almennt um útboðið

#### 0.1.1 Almennar upplýsingar um verkið

Garðabær („kaupandi“) stendur að rammasamningsútboði þessu vegna innkaupa á þjónustu iðnaðarmanna á sviði málaraíðnar.

Markmið útboðsins er að kaupa fjölbreytta þjónustu á sviði málaraíðnar í og við stofnanir, hús og lóðir Garðabæjar, á hagkvæmu verði og að uppfylltum kröfum um gæði þjónustunnar, m.a. m.t.t. eðlis þeirrar þjónustu sem sinnt er innan viðkomandi stofnana, sbr. nánar útboðsskilmála þessa.

Leitað er tilboða í minniháttar viðhald og minni nýframkvæmdir. Allt meiri háttar viðhald eða meiri háttar nýframkvæmdir eru undanþegnar þessum samningi og verða boðnar út sérstaklega. Um þetta víast nánar til verklýsingar í kafla 1.

EKKI ER LJÓST HVAÐA MAGN VERÐUR KEYPT Á GRUNDVELLI ÚTBOÐS ÞESSA ÞAR SEM RAMMASAMNINGAR ERU GERÐIR UM TILTEKNA VÖRU- EÐA ÞJÓNUSTUFLOKKA Í TILTEKINN TÍMA, ÁN ÞESS AÐ MAGNTÖLUR SÉU ÞEKKTAR.

Um opið útboð er að ræða, sbr. 34. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup („OIL“). Samið verður við einn aðila, þann sem er lægstbjóðandi sem og uppfyllir allar kröfur útboðsgagna.

#### 0.1.2 Umsjónaraðili útboðsins

Garðabær

kt. 570169-6109,

Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Tengiliður vegna útboðsins: Strendingur ehf. verkfræðiþjónusta, Sigurður Guðmundsson

Netfang: strendingur@strendingur.is

#### 0.1.3 Útboðsyfirlit

Vettvangsskoðun:

Á ekki við.

Fyrirspurnartíma lýkur:

28. júní 2020.

Svarfrestur vegna fyrirspurna rennur út:

30. júní 2020.

Tilboðsfrestur:

6.júlí 2021 kl. [14:30].

Opnumartími tilboða:

6. júlí 2021 kl. [15:00].

Samningstími með framlengingarheimild:

2 ár með 2 x 1 árs framlengingar möguleika.

Gildistími tilboðs/ frestur til að taka tilboði

[4. vikur].

Samningur tekur gildi:

1. ágúst 2021.

Lok samnings:

**31. júlí 2023.**

Verðlagsgrundvöllur:

Verkið verðbætist 1. júní ár hvert samkvæmt launa- og byggingarvísitölu.

Frávikstilboð:

Ekki heimil.

#### 0.1.4 Samningi skipt í hluta

Útboði er ekki skipt í hluta.

#### 0.1.5 Útboðsgögn

Útboðsgögn verða eingöngu birt á útboðsvef Garðabæjar ([www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvæmdir/utbod/utbod-i-auglysingu/](http://www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvæmdir/utbod/utbod-i-auglysingu/)) þar sem nafn og netfang þess sem sækir gögnin er skráð.

Útboðsgögn samanstanda af:

- Útboðs- og verklýsing.
- Tilboðsblað og tilboðsskrá.

- Fyrirspurnir og svör á tilboðstíma.
- Íslenskur staðall, ÍST-30.

Öll fylgiskjöl og viðaukar sem vísað er til í þessum útboðsgögnum eru hluti útboðsgagna og með tilboði samþykkir bjóðandi alla útboðs- og samningsskilmála þessa.

Bjóðendur skulu gera tilboð í verkið á þeim grundvelli að útboðsgögn gefi upplýsingar um allt sem máli skiptir við gerð tilboðs.

## 0.1.6 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgiskjolum skal skilað á íslensku eða ensku.

## 0.2 Almennir útboðsskilmálar

### 0.2.1 Lög og reglugerðir

Um útboð þetta gilda ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup („OIL“), og reglugerðir á grundvelli laganna. Stangist texti útboðsgagna á við lögin, víkur textinn. Lög um opinber innkaup má nálgast á heimasíðu Alþingis á slóðinni: <https://www.althingi.is/lagas/151a/2016120.html>.

Um samning í kjölfar innkaupaferlis gilda íslensk lög.

### 0.2.2 Samskipti á tilboðstíma og fyrirspurnir

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum, hann verði var við ósamræmi í þeim eða hafi athugasemdir við gögnin, skal hann senda skriflega fyrirspurn eða athugasemd á netfangið [strendingur@strendingur.is](mailto:strendingur@strendingur.is) merkt: „þjónusta iðnaðarmanna - Málningarvinna“ eigi síðar en á þeim degi sem gefinn er upp í kafla 0.1.3 Útboðsyfirlit.

Allar fyrirspurnir og svör við þeim, svo og mögulegar viðbætur við útboðsgögn, verða birt á útboðsvef Garðabæjar eigi síðar en fram kemur í kafla 0.1.3. Bjóðendum ber að tryggja að þeir séu réttilega skráðir inn á útboðsvef Finn vegna mögulegra samskipta á tilboðstíma.

Öll samskipti við bjóðendur á útboðstíma varðandi útboð þetta fara fram í gegnum útboðsvef Finn. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá.

### 0.2.3 Afhending tilboða

Tilboði skal skilað í lokuðu umslagi merkt „Rammassamningur, vinna iðnaðarmanna – Málningarvinna“ til Strendings ehf. verkfræðiþjónustu, Dalshrauni 1a, 3. hæð, eða með tölvupósti á [strendingur@strendingur.is](mailto:strendingur@strendingur.is) með ofangreindri merkingu í efnislínu tölvupósts. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem mælt er fyrir um í útboðsskilmálum.

### 0.2.4 Tilboð - framsetning og frágangur

Tilboð skal sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsblaði, þ. á m. tilboðsskrám, og í samræmi við skilmála þessa.

Bjóðandi skal í tilboði tilgreina skýrt og greinilega hvaða lögaðili/lögpersóna er bjóðandi og þar með ábyrgur fyrir innkaupum gagnvart kaupanda. Í tilboði skal einnig koma fram hvaða aðili innan fyrirtækisins beri ábyrgð á samskiptum vegna tilboðsins. Tilboð skal vera lagt fram af aðila innan fyrirtækisins sem hefur heimild til að skuldbinda það skv. lögum og skipulagi fyrirtækisins.

Tilboðsupphæð skal vera með virðisaukaskatti. Sé misræmi á milli einingarverðs og heildarverðs, gildir einingarverðið.

Tilboðið er annars vegar magntölutilboð og hins vegar tímavinnutilboð, sbr. nánar kaflar 1.1.1, 1.2 og 1.3 auk tilboðsskrár.

Tilboði skal skilað í lokuðu umslagi merkt „Þjónusta iðnaðarmanna - Málningarvinna“ fyrir þann tíma sem skilgreindur er í kafla 0.1.3 *Útboðsyfirlit*. Bjóðandi fær sent boð á rafrænan opnunarfund sem hefst á þeim tíma sem skilgreindur er í kafla 0.1.3. Ef tilboð berst rafrænt fær bjóðandi staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn staðfestingarpóstur berst bjóðanda hefur afhending ekki tekist. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og er mikilvægt að bjóðandi byrji með góðum fyrirvara að setja tilboð fram. Tilboð telst skuldbindandi þegar því hefur verið skilað.

### 0.2.5 Fylgigögn með tilboði

Í útboðsgögnum þessum er tilgreint hvaða gögnum og upplýsingum bjóðendur skulu skila inn með tilboði sínu og skal umbeðnum gögnum og upplýsingum skilað í samræmi við þau fyrirmæli.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum ef þörf er talin á.

### 0.2.6 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboðsfrestur rennur út, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

### 0.2.7 Framlenging á gildistíma tilboða

Þegar kaupanda er ekki unnt að taka afstöðu til tilboða innan tilboðsfrests er heimilt að óska eftir því að bjóðendur framlengi tilboð sín í stuttan tíma. Skilyrði framlengingar er að fyrir liggi samþykki allra þáttakenda eða að málefna legar ástæður réttlæti framlengingu. Með sama skilyrði er heimilt að óska eftir því, eftir að tilboðsfrestur hefur runnið út, að bjóðendur lýsi því yfir að tilboð þeirra séu gild að nýju, þó aðeins í mjög stuttan tíma.

### 0.2.8 Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð á rafrænum opnunarfunni þar sem þeim bjóðendum sem skiliðu inn tilboði er boðin þáttaka. Sent verður fundarboð á þá bjóðendur sem skráð hafa tölvupóstfang viðkomandi utan á tilboðsumslag eða á það netfang sem sent hefur tilboð.

Eftir að tilboð eru opnuð verður opnunarskýrla send bjóðendum í samræmi við 65. gr. OIL.

Ekki er tekið við tilboðum eftir að tilboðsfresti lýkur, hvorki með rafrænum hætti né bréflega.

Framsetning opnunarskýrlu skv. 65. gr. OIL er með þeim fyrirvara að ekki hefur verið tekin afstaða til gildis tilboða og mat á þeim á eftir að fara fram.

### 0.2.9 Frávísun tilboða

Kaupandi áskilur sér rétt til að vísa frá óskýrum tilboðum sem hafa ekki að geyma þær upplýsingar sem krafist er í útboðsgögnum.

### 0.2.10 Tilkynning um val tilboðs og biðtími

Óheimilt er að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum lögmæltum biðtíma, sbr. 23. gr. OIL, frá deginum eftir að tilkynning skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. telst birt.

Tilboð verður samþykkt endanlega með skriflegum hætti innan gildistíma þess, sbr. skilmála útboðs, og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

### 0.2.11 Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs

Kaupandi mun samþykkja hagstæðasta gilda tilboðið samkvæmt valforsendum útboðsskilmála, sbr. nánar kafla 0.4.

Þar til búið er að gera endanlegan samning er kaupanda heimilt að hætta við útboðið á grundvelli málefnanlegra ástæðna, sbr. 83. gr. OIL. Ástæður geta t.d. verið þær að engin gild tilboð bárust eða tilboð eru óaðgengileg vegna þess að þau eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum kaupanda.

## 0.2.12 Undirverktaka

Undirverktaka er heimil. Bjóðandi skal upplýsa kaupanda í tilboði hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis kaupanda áður en undirverktaki hefur störf. Bjóðandi ber fulla ábyrgð á því að undirverktaki skili verkefni í samræmi við útboðsskilmála. Verði breytingar á vali á undirverktaka á samningstíma gildir það sama.

Komi tilboð til álita er kaupanda heimilt að krefjast þess að bjóðandi leggi einnig fram hæfislýsingu skv. 73. gr. OIL fyrir undirverktaka og síðar ef breyting verður varðandi undirverktaka á samningstíma. Ef útlokuunarástæður skv. 68. gr. OIL eiga við um undirverktaka er bjóðanda skylt að útvega nýjan undirverktaka í hans stað. Sama á við ef undirverktaki uppfyllir ekki kröfur um tæknilegt hæfi varðandi þann samningsþátt sem honum er falinn.

Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum samningi og skal bjóðandi skila yfirlýsinu/staðfestingu viðkomandi undirverktaka þar um komi til tilboðið til álita.

## 0.2.13 Almennir fyrirvarar

Útboðs- og samningsgögn þessi gilda varðandi kaupin. Upplýsingar sem kaupandi kann að hafa veitt varðandi fyrirhugaðan samning, áður en útboð var auglýst, hafa enga þýðingu. Seljendur geta ekki byggt rétt á þeim gagnvart kaupanda.

Kaupandi getur hætt við kaup uns bindandi samningur er kominn á. Ástæður geta m.a. verið að þarfir kaupanda hafa breyst, ný tækni kallað á aðrar lausnir en útboðsgögn gera ráð fyrir eða ófyrirsjáanleg útgjöld kaupanda gera honum ókleift að framkvæma kaupin.

Komi í ljós skömmu fyrir lok tilboðsfrests að gera þarf stórvægilegar breytingar á útboðsgönum sem ekki rúmast innan marka 90. gr. OIL, áskilur kaupandi sér rétt til að hætta við útboð bótalaust og auglýsa útboðið að nýju.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá bjóðanda sem hefur gerst sekur um mútur, ólögmætt samráð eða brot gegn samkeppnislögum. Komi í ljós að seljandi hefur hlotið samning með slíkum hætti, áskilur kaupandi sér rétt til skaðabóta.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá bjóðanda þegar verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa verið á framkvæmd fyrirtækis hans á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningum sem hafa leitt til riftunar á samningi, kröfu um skaðabætur eða annarra svipaðra viðurlaga.

## 0.2.14 Fyrirvari um óvirkni samnings og bótaskyldu kaupanda

Kærunefnd útboðsmála getur, ef skilyrði óvirkni eru fyrir hendi, lýst samning óvirkana samkvæmt ákvæðum 115. gr. OIL en þó aðeins samning sem er yfir viðmiðunarþjárhæðum á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 4. mgr. 23. gr. OIL. Úrskurður um óvirkni samnings hefur þau áhrif að réttindi og skyldur samkvæmt aðalefni samnings falla niður. Óvirkni samnings skal takmörkuð við þær greiðslur sem enn hafa farið fram. Að því er varðar greiðslur sem þegar hafa farið fram kveður kærunefnd á um önnur viðurlög skv. 118. gr. OIL. Sjá einnig 115. gr. OIL.

Kaupandi vekur athygli á þessu og setur fram þann fyrirvara að kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum bótakröfum þegar hann í góðri trú gerir samning sem síðar er gerður óvirkur.

## 0.2.15 Persónuvernd

Þar sem einhver þeirra gagna sem óskað er eftir frá bjóðendum kunna að innihalda persónuupplýsingar skal það tekið fram að fyllsta öryggis er gætt við meðhöndlun og geymslu þeirra gagna. Enginn óviðkomandi mun hafa aðgang að þeim gögnum sem innihalda persónuupplýsingar og eru þær geymdar á tryggum stað.

Gögnin verða ekki afhent þriðja aðila né verða þau flutt út fyrir EES-svæðið. Upplýsingar um persónuverndarstefnu kaupanda er að finna á heimasíðu Garðabæjar.

Kaupandi hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga/gagna sem kaupandi fær aðgang að/afrit af og meðhöndlar þau gögn í samræmi við gildandi lög um persónuvernd hverju sinni.

Hinn skráði á rétt á að fara fram á það við ábyrgðaraðila (kaupanda) að fá aðgang að persónuupplýsingum um sig, láta leiðréttu þær, takmarka vinnslu þeirra hvað hinn skráða varðar eða til að andmæla vinnslu.

Samningsaðilar bera ábyrgð skv. persónuverndarlögum nr. 90/2018 og geta ekki samið sig undan henni.

## 0.2.16 Trúnaður

Kaupanda er óheimilt skv. 17. gr. OIL að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem bjóðandi hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga geta talist upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim.

Kaupanda er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki gæti trúnaðar um mikilvægar upplýsingar sem veittar eru meðan á innkaupaferli stendur.

Bjóðandi skal auðkenna sérstaklega þær upplýsingar í tilboði sem eru trúnaðarupplýsingar. Þetta hefur þó ekki áhrif á skyldu opinberra aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga. Trúnaðarskyldan víkur ef önnur ákvæði laganna kveða á um að skylt sé að afhenda gögnin.

## 0.2.17 Leiðbeiningar um kæruleiðir

Í XI. og XII. kafla OIL er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kæruleiðir. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106. gr. að kæra skuli borin skriflega undir kærunefndina innan 20 daga frá því að kærandi vissi eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings sé þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Um fresti og upplýsingar sem eiga að koma fram í kæru vísast til 106. gr. OIL.

## 0.3 Hæfi bjóðanda

Í þessum kafla er lýst hæfiskrökum til bjóðenda. Ef bjóðandi uppfyllir ekki allar hæfiskröfur útboðsins telst tilboð hans ógilt, sbr. 82. gr. OIL, og verður vísað frá.

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum eða gögnum sem Garðabær hefur áskilið sér rétt til að óska eftir.

### 0.3.1. Yfirlýsing um hæfi – ESPD

Bjóðanda er heimilt að fylla út og skila með tilboði samevrópsku hæfislýsingunni skv. 73. gr. OIL, sem er að finna á heimasíðu ESPD-þjónustunnar <https://ec.europa.eu/tools/espd> og síðu Ríkiskaupa <https://www.rikiskaup.is/>.

Komi tilboð bjóðanda sem hefur lagt slíka yfirlýsingu fram til greina, skal hann tafarlaust, að beiðni kaupanda, geta lagt fram þau sönnunargögn sem krafist er í 74. gr. OIL., sbr. og upplýsingar skv. útboðslýsingu þessari.

Kjósi bjóðandi frekar að fylla ekki út samevrópska yfirlýsingu um hæfi er honum heimilt að skila öllum umbeðnum gögnum um hæfi með tilboði og í samræmi við útboðslýsingu þessa.

### 0.3.2. Byggt á getu annarra

Ef fyrirtæki byggir á getu annars aðila í samræmi við 76. gr. OIL, skal hæfislýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar skv. 1. mgr. 73. gr. OIL, um þann aðila.

Fyrirtæki skal jafnframt sanna fyrir kaupanda að það hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, t.d. með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu aðila um að hann muni annast verkið eða þjónustuna. Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast þess að bjóðandi og viðkomandi aðili beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings, sbr. 3. mgr. 76. gr. OIL.

Byggi bjóðandi á getu annars fyrirtækis/fyrirtækja, skal það fyrirtæki/þau fyrirtæki skila inn sömu upplýsingum og bjóðandi. Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast þess að bjóðandi og viðkomandi aðili beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings, sbr. 3. mgr. 76. gr. OIL.

### 0.3.3. Útilokunarástæður bjóðanda

Bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá þáttöku í innkaupaferli:

1. þáttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
2. spillingu,
3. sviksemi,
4. hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
5. peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka,
6. barnabrælkun eða annars konar mansal,

Skylda til að útiloka þáttakanda eða bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr., er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.

Þáttakandi eða bjóðandi skal útilokaður frá þáttöku í innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákefina gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Bjóðandi skal skila inn vottorði þess efnis og má það ekki vera eldra en 3 mánaða.

Auk þess áskilur kaupandi sér rétt til að útiloka fyrirtæki frá þáttöku í innkaupaferli ef aðrar ástæður til útilokunar sem tilgreindar eru í 68. gr. OIL eiga við um hann.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla hvenær sem er eftir frekari gögnum skv. 74. gr. OIL.

### 0.3.4 Starfsréttindi

#### Krafa

Bjóðandi skal vera skráður í fyrirtækjaskrá. Sé fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki með vottorði.

#### Staðfesting

**Íslenskt fyrirtæki:** Vottorð úr fyrirtækjaskrá.

**Erlend fyrirtæki:** Sönnunargagn um að fyrirtækið sé skráð í fyrirtækjaskrá eða sambærilega skrá í því landi sem fyrirtækið er stofnað.

Kallað verður eftir gögnum til staðfestingar framangreindum kröfum eftir opnun tilboða, komi bjóðandi til greina.

### 0.3.5 Fjárhagsstaða bjóðanda

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda, sbr. 71. gr. OIL.

#### Krafa

Eiginfjárlutfall bjóðanda skal vera jákvætt.

#### Staðfesting

Áritaður ársreikningur til fyrirtækjaskrár vegna rekstrarársins 2019 eða 2020, eða sambærilegt sönnunargagn í því landi sem fyrirtækið er með starfsemi í.

Krafa	Staðfesting
Ársvelta bjóðanda skal vera að lágmarki 20 mkr.	Áritaður ársreikningur til fyrirtækjaskrár vegna rekstrarársins 2019 eða 2020 eða sambærilegt sönnunargagn í því landi sem fyrirtækið er með starfsemi í.

Sé bjóðandi íslenskt félag skal leggja fram ársreikning á því formi sem fyrirtækjaskrá RSK gerir kröfu um, til staðfestingar á ofangreindum kröfum.

Kallað verður eftir gögnum til staðfestingar framangreindum kröfum eftir opnun tilboða, komi bjóðandi til greina.

### 0.3.6 Opinber gjöld

Bjóðandi skal vera í skilum með öll opinber gjöld, þar með talið skatt, virðisaukaskatt og lífeyrisskuldbindingar.

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.	Vottorð frá Ríkisskattstjóra ekki eldra en þriggja mánaða á opnunardegi tilboða, eða sambærilegt sönnunargagn í því landi sem fyrirtækið er með starfsemi í.
Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrisskuldbindingar sínar.	Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum, eða sambærilegt sönnunargagn í því landi sem fyrirtækið er með starfsemi í.

Kallað verður eftir gögnum til staðfestingar á framangreindum kröfum eftir opnun tilboða, komi bjóðandi til greina.

### 0.3.7 Umhverfismál

Garðabær leggur mikla áherslu á umhverfismál, sjá í þessu sambandi umhverfisstefnu Garðabæjar [Umhverfisstefna Gardabaejar 2017.pdf \(gardabaer.is\)](#). Bjóðendur skulu taka tillit til krafna Garðabæjar í umhverfismálum og bendir kaupandi sérstaklega á þættina mengun, flokkun úrgangs og vistvænar byggingarvörur. Bjóðandi skal flokka allan úrgang í samræmi við flokkunarkerfi Garðabæjar eins og það er á hverjum tíma, jafnframt skal bjóðandi draga úr úrgangi eftir fremsta megni, t.d. með skynsamlegum innkaupum og endurnýtingu, svo sem mögulegt er.

### 0.3.8 Tæknileg og fagleg geta bjóðanda

Tæknileg og fagleg geta fyrirtækis skal vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda.

Mikilvægt er að bjóðandi og starfsmenn hans hafi reynslu af viðhaldi fyrir opinbera aðila og reynslu af þjónustu við fasteignir þar sem rekin er fjölbreytt og viðkvæm starfsemi. Vegna þeirra aðstæðna þar sem þjónustan er veitt, er mikilvægt að sami starfsmaður bjóðanda geti sinnt sömu byggingunni til lengri tíma. Þannig lærir starfsmaðurinn á bygginguna og starfsemina sem þar er rekin og getur sinnt verkefnum á sjálfstæðan hátt og jafnvel komið með tillögur að nauðsynlegum verkefnum.

Bjóðandi skal að lágmarki uppfylla eftirfarandi þjónustukröfur á opnunardegi tilboðs:

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal hafa a.m.k. þriggja (3) ára reynslu af sambærilegri þjónustu, n.t.t. reynslu af þjónustu við mannvirki þar sem rekin er viðkvæm starfsemi, s.s. skóla, leikskóla, sjúkrastofnanir, dvalarheimili eða aðrar sambærilegar stofnanir, innan viðkomandi iðngreinar.	Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan.
Bjóðandi skal hafa fagmenntaða starfsmenn á svíði málaraiðnar, n.t.t. starfsfólk með meistarapróf, sem ábyrgist vinnu iðnaðarmanna og getur skráð sig á einstök verk ef það á við.	Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan.
Bjóðandi skal hafa í þjónustu sinni nægjanlegt starfsfólk til að sinna þjónustu við kaupanda á samningstímanum, bæði fagmenntaða iðnaðarmenn í málningariðn sem og verkamenn.	Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan.
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Að viðkomandi starfsmenn sem muni sinna þjónustu við kaupanda samkvæmt samningnum, hafi ávallt að lágmarki 3 ára reynslu af þjónustu við mannvirki þar sem rekin er viðkvæm starfsemi eins og við skóla, leikskóla, sjúkrastofnanir, dvalarheimili eða aðrar sambærilegar stofnanir. Umfang reynslu viðkomandi starfsmanns skal ekki hafa verið minni en sem svarar einu ársverki.</li> <li>2. Alltaf skal vera a.m.k einn iðnaðarmaður, að lágmarki með sveinspróf í viðkomandi iðngrein, sem sinnir daglegum verkefnum við einstaka byggingar fyrir kaupanda samkvæmt samningnum.</li> <li>3. Ávallt skulu þeir starfsmenn sem sinna daglegum verkefnum við einstaka byggingar fyrir kaupanda samkvæmt samningnum hafa a.m.k. 3 ára reynslu við málaraiðn.</li> <li>4. Almennt er gerð sú krafa að viðkomandi starfsmenn sem sinna þjónustu við kaupanda séu íslenskumælandi. Þó þannig að séu fleiri en einn að störfum samtímis í viðkomandi verkefni í viðkomandi byggingu sé a.m.k einn íslenskumælandi.</li> <li>5. Þeir starfsmenn sem munu sinna þjónustu við kaupanda skulu vera með hreint sakavottorð.</li> </ol>	Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan. Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan. Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan. Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan. Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan. Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan. Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð sem kallað verður eftir komi tilboð bjóðanda til greina.
Bjóðandi skal geta tryggt kröfur kaupanda um viðbragðsþjónustu, sbr. nánar útboðsskilmála.	Upplýsingar skulu koma fram í greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar, sbr. hér að neðan.

Bjóðendur skulu staðfesta að ofangreindar kröfur um reynslu og þjónustu séu uppfylltar ásamt því að skila inn stuttri greinargerð með tilboði um hvernig kröfurnar eru uppfylltar. Þar skulu eftirfarandi upplýsingar m.a. koma fram:

- Tilvísanir í verkefni, eðli þeirra og tímasetningar, ásamt upplýsingum um kaupanda til staðfestingar á að bjóðandi/fyrirtæki hafi unnið innan viðkomandi iðngreinar og við sambærilega þjónustu.
- Meistara- og sveinsbréf viðkomandi aðila sem munu sinna þjónustu við kaupanda.

- Staðfesting á reynslu viðkomandi starfsmanna sem munu sinna þjónustu við Garðabæ samkvæmt samningnum ásamt upplýsingum um verkefni, tímasetningar og aðila sem má hafa samband við til staðfestingar og höfðu umsjón með viðkomandi verkefnum.
- Upplýsingar um það hvernig bjóðandi hyggst tryggja viðbragðþjónustu við kaupanda.

Gögn skulu vera ítarleg og það nákvæm að hægt sé að staðfesta með þeim að bjóðandi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru hér að ofan. Áskilur kaupandi sér rétt til að sannreyna þær upplýsingar og skulu bjóðendur, í þeim tilvikum er frekari upplýsinga er óskað, tafarlaust veita umbeðnar upplýsingar sem málið varðar, ella áskilur kaupandi sér rétt til að vísa tilboði frá.

Óski seljandi á samningstíma eftir að skipta út starfsmönnum sem sinna þjónustu við kaupanda skv. samningnum skal seljandi senda kaupanda sambærilegar upplýsingar um viðkomandi starfsmann og fá hann samþykktan af kaupanda áður en hann hefur störf. Kaupanda er heimilt að óska eftir því við seljanda að starfsmanni verði skipt út telji verkkaupi tilefni til þess.

### 0.3.9 Áskilnaður um frekari upplýsingar um hæfi á síðari stigum

Kaupandi áskilur sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum á síðari stigum til sönnunar á því að ekki séu fyrir hendi ástæður til útilokunar skv. VI. kafla OIL. Með framlagningu tilboðs í útboði þessu samþykkir bjóðandi að kaupandi kanni hvort útilokunarástæður OIL eigi við um hann ef tilboð hans kemur til álita. Sem dæmi má nefna að bjóðendum kann að vera flett upp í Creditinfo. Bjóðandi samþykkir jafnframt að slík upplýsingaöflun kann að varða fyrirtækið sem um ræðir, eigendur þess og stjórnendur og fyrirtæki sem eru forverar þess, sbr. 7. mgr. 68. gr. OIL.

## 0.4 Valforsendur

Kaupandi hyggst gera samning við lægstbjóðanda sem uppfyllir allar kröfur samkvæmt kafla 0.3.

Tilboð skulu vera bindandi. Ef gerður er fyrirvari um að tilboð sé ekki bindandi þá er það metið ógilt. Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

### 0.4.1 Val á tilboðum

Kaupandi mun velja fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið á grundvelli lægsta heildartilboðsverðs.

Heildartilboðsverð tekur mið af samtölu magntolu- og tímavinnu, sbr. nánar tilboðsblað og umfjöllun í köflum 1.2 og 1.3.

## 0.5 Frávikstilboð

Ekki er heimilt að gera frávikstilboð.

## 1 Verk- og tæknilýsing

### 1.1 Almennt

#### 1.1.1 Almennt um verkefnið

Þjónustan felst í að annast reglubundið og tilfallandi viðhald. Stærri viðhaldsframkvæmdir á framanskráðu fagsviði mun kaupandi bjóða út sérstaklega. Seljandi mun í því sambandi hafa til viðmiðunar að fari einstök viðhaldsframkvæmd yfir 500 klst. Í vinnu málara eða heildarupphæð einstakrar framkvæmdar, m.t.t. allra iðnsviða, sé yfir viðmiðunarmörkum um útboð sveitarfélaga, verði þau verk boðin út sérstaklega.

Seljandi vinnur þau verk sem honum eru falin undir stjórn verkefnastjóra kaupanda og skal hann hlíta fyrirmælum hans.

Reglubundnu viðhaldi má skipta upp í two flokka, fyrirséð viðhald og ófyrirséð viðhald.

Með fyrirséðu viðhaldi er átt við viðhald sem unnið er samkvæmt viðhaldssáætlun, sem er það viðhald sem þarf að framkvæma með tiltölulega jöfnu millibili.

Ófyrirséð viðhald eru þeir viðhaldspættir sem erfitt er að sjá fyrir og ekki hægt að taka með skipulögðum hætti inn í viðhaldssáætlunar. Hér er t.d. átt við verkefni sem koma upp með litlum fyrirvara (tveir sólarhringar eða minna) og þarf að bregðast skjótt við.

#### 1.1.2 Vinnuaðstaða - vinnutími

Aðstæður á verkstað eru breytilegar eftir byggingum.

Seljandi getur gert ráð fyrir að hafa aðgang að snyrtiaðstöðu á verkstað en breytilegt er hvort matar-, kaffi- og búningsaðstaða sé á staðnum. Aðstaða eða möguleiki til geymslu á efni og áhöldum, t.d. yfir nótt, er yfirleitt ekki til staðar nema þá með sérstöku leyfi forstöðumanns þeirrar stofnunar sem unnið er í. Almennt skal gera ráð fyrir að aðstaða sé ekki til staðar.

Starfsemi í fasteigninni getur sett verkinu ákveðnar skorður – bæði varðandi tíma sem hægt er að vinna á og einnig hversu mikið rask er mögulegt. Ef vinna iðnaðarmanna veldur truflun á starfsemi stofnunar, getur sú vinna þurft að fara fram utan hefðbundins starfstíma hennar. Öll vinna þarf að vera unnin í samvinnu og sátt við notendur húsnæðisins og verkefnastjóra kaupanda. Oft geta forstöðumenn stofnunar hliðrað til þannig að verk geti unnist í samfelli.

Í leikskólum, skólum, íþróttamannvirkjum o.p.h., skal taka tillit til þess að notendur eru börn og þarf seljandi að sýna sérstaka aðgát.

Í leiguíbúðum getur þurft að taka tillit til íbúa sem illa þola rask, hávaða og óróa vegna framkvæmda.

Ávallt skal fara eftir reglum opinberra aðila um öryggisráðstafanir.

Kaupandi mun útbúa og afhenda viðkomandi starfsmönnum aðgangskort að húsnæði bæjarins sem eingöngu er ætlað viðkomandi starfsmönnum.

#### 1.1.3 Samvinna og samskipti á samningstíma

Samhliða vinnu seljanda getur verið unnið við viðhald á öðrum fagsviðum. Raða skal verkpáttum eftir eðlilegri framkvæmdaröð.

Seljandi skal, þar sem fleiri koma að verki, kappkosta að eiga gott samstarf við aðra aðila og iðnaðarmenn þannig að engar ónauðsynlegar tafir verði á að ljúka verki, né að óþarfa kostnaður skapist.

Seljandi skal gæta þess að eiga góð samskipti við notendur fasteignanna og aðra sem að málun koma. Áhersla er lögð á að samskipti séu sem best verður á kosið og að seljandi leggi sitt af mörkum til að svo geti orðið. Einnig er lögð áhersla á lipurð og þjónustulund. Ávallt skal tilkynna sig til forstöðumanns viðkomandi fasteignar áður en verk hefst.

Í leiguíbúðum skal taka tillit til þess að unnið er inni á heimilum fólks og er gerð krafa um lipurð í samskiptum og þjónustulund. Yfirleitt er búið í þeim íbúðum sem þjónusta skal.

Seljandi og starfsmenn hans eru bundnir trúnaði um öll mál, samskipti, upplýsingar og annað sem þeir sjá eða heyra í vinnu sinni fyrir kaupanda og tengist notendum og eða gestum fasteignanna og skulu þeir skrifa undir yfirlýsingu þar um.

#### 1.1.4 Gæði vinnu / efni

Öll vinna skal vönduð og verk skulu unnin af fagmennsku og undir ábyrgð löggilds iðnmeistara á viðkomandi fagsviði.

Ef skipta þarf um efni, tæki eða einstaka hluta þess skal miða við að nota samskonar og fyrir er, nema kaupandi samþykki eða óski eftir öðru. Útskipting tækja og búnaðar er háð samþykki verkefnastjóra kaupanda.

#### 1.1.5 Vinna

Seljandi skal leggja til alla vinnu sem þarf til verksins. Kaupandi leggur ekki til neina vinnu til verksins. Öll vinna skal unnin af vönum fagmönnum og vönduð til hins ýtrasta.

Starfsmenn seljanda skulu við alla vinnu sína á verkstöðum, vera búnir öllum þeim handverkfærum, búnaði og slíku sem þarf eða gæti þurft við vinnu. Allur búnaður og handverkfæri starfsmanna skal inniflast í einingarverðum fyrir vinnu þeirra.

#### 1.1.6 Verkbeiðni - tímaskráning

Kaupandi stofnar verkbeiðni í verkbeiðnakerfi Garðabæjar (Main Manager) og fær seljandi staðfestingu um nýtt verkefni með tölvupósti eða SMS. Þar koma fram helstu upplýsingar um viðkomandi verkefni.

Seljandi skal fylla út verkskráningarblað þar sem hann greinir frá hvar var unnið og við hvað. Tilgreina skal efnismagn og vinnukostnað. Jafnframt skal tímalengd útkalls skráð.

Afrit af verkskráningarblaði og verkbeiðni úr verkbeiðnakerfi Garðabæjar (Main Manager ) skal fylgja reikningi sem sendur skal til eignasjóðs Garðabæjar til samþykktar. Sundurliða skal öll efniskaup þegar reikningi er framvísað.

Seljandi skal setja upp á síma/spjaldtölву „app“ þar sem hann getur átt samskipti við kaupanda um stöðu verkefnis.

#### 1.1.7 Viðbragðsáætlun

Þess er krafist að seljandi geti brugðist við beiðni um aðstoð með stuttum fyrirvara vegna verks sem ekki getur beðið. Seljandi skal því gera ráð fyrir að þurfa að hafa til taks mannskap til að geta sinnt slíkum útköllum með minnst tveggja klukkustunda fyrirvara. Greitt er fyrir vinnu í útkalli sem samsvarar tímavinnugjaldi en þó aldrei minna en 4 klst.

#### 1.1.8 Umfang samnings

Magntölur á tilboðsblaði eru áætlaðar miðað við heildarmagn á samningstímanum sem er tvö ár. Magntölur geta breyst til aukningar eða minnkunar sem og færst til milli flokka. Magntölur eru samantekt smærri verka sem eru misstór að umfangi.

### 1.1.9 Framkvæmd og verkliðir

Miða skal við að verkefnastjóri tilkynni seljanda með a.m.k. tveggja daga fyrirvara hvenær verk hefst. Tilkynningin berst seljanda í gegnum verkbeiðnakerfi Garðabæjar (Main Manager). Í ákveðnum tilvikum getur beiðni borist beint til seljanda frá verkefnastjóra kaupanda og hann farið fram á að brugðist verði við strax og þá jafnvel utan hefðbundins vinnutíma.

Seljandi skal vinna samfellt eftir að verk er hafið og í samráði við verkefnastjóra kaupanda. Verkefni skulu leyst á eins hagkvæman hátt og kostur er m.t.t. vals á verkfærum, vinnutíma og hvort einn eða fleiri starfsmenn vinni verkið.

Helstu verkliðir eru vinna við efnisútvegun, framkvæmd á viðgerð eða viðhaldi, frágangur, tiltekt og verkstýring eigin vinnu.

Í einingarverði skal innifalinn allur kostnaður vegna yfir- og verkstjórnar innan fyrirtækisins, meistaraábyrgðar, trygginga, opinberra gjalda, skatta, þ.m.t. virðisaukaskatts og hagnaðar.

Í einingarverði skal vera innifalin vinna starfsmanns, sem og allur annar eðlilegur kostnaður þó hann sé ótalinn hér, m.a. kostnaður við öll handverkfæri og önnur smærri tæki sem venjulegt er að nota á byggingarstað á viðkomandi fagsviði auk smáefnis. Auk þess skal innifalinn kostnaður við tröppur og verkpalla fyrir vinnu innan einnar hæðar eins og venjulegt er að nota við styttri verk.

Stærri hjálpartæki, svo sem grófur, lyftur, vöru-, krana- og dælubílar, sérhæfð tæki, vélar sem almennt eru aðeins á verkstæði o.þ.h. eru ekki innifalin í einingarverðum.

Seljandi skal afla fyrir fram skriflegs samþykkis kaupanda ef nauðsynlegt er að stofna til kostnaðar sem ekki fellur undir vinnu samkvæmt gögnum þessum, s.s. vegna leigu á stærri hjálpartækjum.

## 1.2 ***Magntölvinna***

Kaupandi óskar eftir tilboði í ákveðna verkþætti sem unnir eru á einingarverðum samkvæmt eftirfarandi skilgreiningum. Þær magntölur sem gefnar eru upp í tilboðsskrá eru samantekt smærri verka sem eru misstór að umfangi.

Meðfylgjandi verklýsingar eru fyrir dæmigerða málningarvinnu við þær aðstæður sem viðkomandi efni er í. Seljandi skal tryggja með réttri undirvinnu að viðloðun við flót sem á að mála sé tryggð og ganga jafnframt úr skugga um að viðloðun milli mismunandi efna sé tryggð.

Seljandi skal nota heildstætt málningarkerfi til málunar frá sama málningarframleiðanda og skal málningarkerfið vera ætlað til notkunar við þær aðstæður sem skilgreindar eru í magnskrá.

Litaval skal ákveðið í samráði við kaupanda áður en málun hefst.

Seljandi skal fjarlægja jafnóðum allt rusl og málningaflögur og er slíkur frágangur innifalinn í verði verkliða.

*Magnskilgreiningar: Nota skal eftirfarandi aðferðir til útreikninga á magneiningum í meðfylgjandi verklýsingum.*

1. *Magntala flata eru nettó fermetrar ( $m^2$ ) og er miðað við að op starri en  $1,0\ m^2$  séu dregin frá. Kantar og gólflistar magntakast sem fletir, lágmarksbreidd er 20 cm. Í tilfelli báruklæðninga eða annarra gerða klæðninga er mælt ofanvarp flata á sléttan flót.*
2. *Magntala er lengdametri ( $lm$ ) fyrir hluti sem hafa máladan flót minni en 20 cm á breidd og eru ekki reiknaðir sem fletir sbr. lið a)*
3. *Magntala er stykki ( $stk$ ) af hverri gerð.*

*Vakin er athygli á því að magntölur einstakra verkpáttu liggja ekki fyrir og því geta magntölur einstakra liða breyst verulega.*

### 1.2.1 **Málningarvinna utanhus**

Seljandi skal haga vinnu sinni við málun utanhusss þannig að veðurfar hafi ekki áhrif á gæði verksins. Ekki er gert ráð fyrir að hlutir sem mála á utanhusss séu sérstaklega varðir fyrir veðri.

#### 1.2.1.1 **Nýmálun viðar utanhus með þekjandi alkýðolíumálningu**

1. Grunna skal beran við með glærri fúavarnarolíu þar til hann er mettur. Alla umfram olíu skal strjúka af yfirborði með klút, matta með sandpappír og hreinsa.
2. Rifur, sprungur og skrúfugöt skal spartla með veðurþolnu spartli eftir grunnmálun.
3. Mála skal eina umferð (aukaumferð) á álagsfleti s.s. botnfalslista, láréttu pósta og neðsta karmstykkið.
4. Mála skal viðarfleti tvær umferðir.

*Magnskilgreining: Magntala er  $m^2$ , lm og stk.*

#### 1.2.1.2 **Endurmálun viðar utanhus með þekjandi alkýðolíumálningu**

1. Skafa burtu lausa málningu, matta fasta málingu með sandpappír, fjarlægja burtu grágeit og hreinsa viðinn af ryki og óhreinindum.
2. Grunna skal beran við með glærri fúavarnarolíu þar til hann er mettur. Alla umfram olíu skal strjúka af yfirborði með klút, matta með sandpappír og hreinsa.
3. Rifur, sprungur og skrúfugöt skal spartla með veðurþolnu spartli eftir grunnmálun.
4. Mála skal eina umferð (aukaumferð) á álagsfleti s.s. botnfalslista, láréttu pósta og neðsta karmstykkið.
5. Mála skal viðarfleti tvær umferðir.

*Magnskilgreining: Magntala er  $m^2$ , lm og stk.*

### 1.2.1.3 Inndreyping vatnsfælu á steypta fleti

1. Fletir skulu vera lausir við öll hugsanleg óhreinindi, þ.m.t. ryk og laus efni eins og málningarfloður og steinbrot, og skal heinsun umhverfis lokið áður en vinna við vatnsfælu hefst.
2. Bera skal vatnsfælu jafnt á flötinn þannig að hann blotni allur og vökvinn nái að mynda fljótandi himnu á yfirborðinu. Á stærri fleti skal nota mjög lágþrýstan úðunarþúnað, en á smærri fleti má nota pensil eða rúllu. Ef ekki tekst að koma tilskildu magni á flötinn í einni umferð skal fara aðra umferð eftir að vökvagljáinn er farinn af yfirborðinu en áður en flöturinn þornar. Af vatnsfælu skal bera minnst 0,2 l/m<sup>2</sup> af steyptu yfirborði.
3. Fari vatnsfæla á glerrúður, tré eða aðra fleti sem ekki skal bera vatnsfælu á, skal fjarlægja hana strax af slíkum flötum með viðeigandi hreinsiefnum.

*Magnskilgreining: Magn tala er m<sup>2</sup>.*

### 1.2.1.4 Nýmálun steypta flata

1. Gera má ráð fyrir að yfirborð steypu sé tilbúið til málunar, t.d. múrað eða holufyllt, steinrifið og þrifið.
2. Grunna skal með með þynntri terpentínuþynnánlegri málningu.
3. Mála skal fyrri umferð með terpentínuþynnánlegri málningu og seinni umferð með vatnsþynnánlegri akrílmálningu.

*Magnskilgreining: Magn tala er m<sup>2</sup>.*

### 1.2.1.5 Endurmálun steypta flata utanhúss

1. Fjarlægja skal lausa málningu með háþrýstiþvotti, sköfu og bursta. Hreinsa ber flötinn af öllum mögulegum óhreinindum, þ.m.t. ryki, með sópun eða vatnsskolun.
2. Á beran steinflöt skal grunna með þynntri terpentínuþynnánlegri málningu.
3. Mála skal fyrri umferð með terpentínuþynnánlegri málningu og seinni umferð með vatnsþynnánlegri akrílmálningu.

*Magnskilgreining: Magn tala er m<sup>2</sup>.*

### 1.2.1.6 Nýmálun steypta gólfu

1. Sementshúð skal hreinsa burt með háþrýstiþvotti.
2. Grunna á með þynntri gólfmálningu.
3. Mála skal tvær umferðir með gólfmálningu.

*Magnskilgreining: Magn tala er m<sup>2</sup>.*

### 1.2.1.7 Endurmálun steypta gólfu

1. Fjarlægja skal lausa málningu með háþrýstiþvotti, sköfu og bursta. Hreinsa skal flötinn af öllum mögulegum óhreinindum, þ.m.t. ryki, með sópun eða vatnsskolun.
2. Á beran steinflöt skal grunna með með þynntri gólfmálningu.
3. Grunna á með þynntri gólfmálningu.
4. Mála skal tvær umferðir með gólfmálningu.

*Magnskilgreining: Magn tala er m<sup>2</sup>.*

### 1.2.1.8 Nýmálun á málmi utanhúss

1. Hreinsa skal fitu og önnur óhreinindi og mögulega háþrýstibvo með léttum þvotti.
2. Grunna skal alla staði þar sem sér í beran málm með alkýð-olíubundnum ryðvarnargrunni.
3. Mála skal 2 umferðir með alkýðbundinni málningu.

*Magntala eru nettó m<sup>2</sup>, lm eða stk viðarhluta af hverri gerð.*

#### **1.2.1.9 Endurmálun á málmi utanhúss**

1. Slípa og skafa skal burt allt ryð og hreinsa burt lausa, flagnandi eldri málningu, fitu og önnur óhreinindi og mögulega háþrýstiþvo með léttum þvotti.
2. Grunna ber alla staði þar sem sér í beran málm, með alkýð-olíubundnum ryðvarnargrunni.
3. Mála skal 2 umferðir með alkýðbundinni málningu.

*Magntala eru nettó m<sup>2</sup>, lm eða stk viðarhluta af hverri gerð.*

#### **1.2.2 Málningarvinna innanhúss**

Seljandi skal ganga vel um, verja umhverfi og taka tillit til notenda húsnaðisins.

##### **1.2.2.1 Sandspörtlun nýrra steyptra flata**

1. Spartla skal í sprungur og skemmdir og slípa niður. Matta á yfirborð flatarins. Rykhreinsa skal flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
2. Heilspartla skal flötinn a.m.k. tvisvar og pússa að spörtlun lokinni.

*Magnskilgreining: Magntala er m<sup>2</sup>.*

##### **1.2.2.2 Nýmálun steyptra flata**

1. Spartla skal í sprungur og skemmdir og slípa niður og matta yfirborð flatarins. Rykhreinsa skal flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
2. Heilgrunna ber flötinn.
3. Mála skal tvær umferðir af akrýlmálningu, gljástig 7% - 30%.

*Magnskilgreining: Magntala er m<sup>2</sup>.*

##### **1.2.2.3 Endurmálun steyptra flata**

1. Hreinsa skal óhreinindi af fletinum með viðeigandi hreinsiefnum eftir gerð óhreininda. Gæta skal að hreinsiefni komi ekki í veg fyrir viðloðun málningar. Skafa skal burtu lausa málningu og los í yfirborði.
2. Spartla skal í sprungur og skemmdir og slípa niður og matta yfirborð flatarins. Rykhreinsa ber flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
3. Grunna skal og blettmála síðan viðgerðir og beran Stein.
4. Mála skal tvær umferðir af akrýlmálningu, gljástig 7% - 30%.

*Magnskilgreining: Magntala er m<sup>2</sup>.*

##### **1.2.2.4 Nýmálun gipsplötu flata**

1. Hreinsa skal öll óhreinindi á fletinum.
2. Spartla skal í samskeyti platna með grisjuborða. Einnig skal spartla í mögulegar skemmdir og önnur skrúfugöt. Slípa skal niður spartlið. Endurtaka ber spörtlunina eins oft og þörf krefur til að tryggja heil og slétt samskeyti og sléttan flót umhverfis skemmdirnar.
3. Rykhreinsa skal flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
4. Blettgrunna skal viðgerðir með vatnsþynnánlegum grunni.
5. Fullmála skal með plastmálningu minnst tvær umferðir, gljástig 7% - 30%.

*Magnskilgreining: Magntala er m<sup>2</sup>.*

### 1.2.2.5 Endurmálun gipsplötu flata

1. Hreinsa skal öll óhreinindi og fitu af veggfletinum með viðeigandi hreinsiefnum eftir gerð óhreininda. Gæta skal að hreinsiefni komi ekki í veg fyrir viðloðun málningar.
2. Skafa skal upp skemmdir í málningu og yfirborði.
3. Spartla skal í skemmdir og samskeyti. Endurtaka ber spörtlunina eins oft og þörf krefur til að tryggja heil og slétt samskeyti og sléttan flót umhverfis skemmdirnar.
4. Rykhreinsa skal flötinn og aðliggjandi kverkar rækilega.
5. Blettgrunna skal viðgerðir með vatnsþynnánlegum grunni.
6. Fullmála skal með plastmálningu minnst tvær umferðir, gljástig 7% - 30%.

*Magnskilgreining: Magntala er m<sup>2</sup>.*

### 1.2.2.6 Nýmálun viðar inni

1. Slípa skal yfirborð með sandpappír og hreinsa yfirborð af ryki og óhreinindum.
2. Gera skal við skemmdir í viðnum með til þess gerðu viðgerðarefn / spartli og slípa niður.
3. Grunna skal eina umferð með olíugrunni eða sambærilegum grunni.
4. Mála skal 2 umferðir með þekjandi málningu.

*Magnskilgreining: Magntala er m<sup>2</sup>, lm, stk.*

### 1.2.2.7 Endurmálun viðar inni

1. Viðgerð eftir þörfum. Slípa skal og spartla með föstu spartlefni sem ekki rýrnar.
2. Blettgrunna skal yfir viðgerðir.
3. Grunna skal eina umferð með olíugrunni eða sambærilegum grunni.
4. Mála skal 2 umferðir með þekjandi málningu.

*Magnskilgreining: Magntala er m<sup>2</sup>, lm, stk.*

## 1.3 Tímavinna

Umfram magnþöluvinnu sbr. kafla 1.2 er einnig óskað eftir tilboði vegna tímavinnu. Um er að ræða vinnu sem verkefnastjóri kaupanda óskar eftir sem ekki fellur undir magnþöluvinnu skv. kafla 1.2. Heildarverð tímavinnu seljanda tekur mið af áætluðum tímafjölda (magn) annars vegar og einingarverði (verð per klst.) hins vegar, vegna vinnu iðnaðarmanna og verkamanna, innan og utan dagvinnutíma. Um þetta víast nánar til tilboðsblaðs og kafla 1.3.1-1.3.2, hér að neðan.

Greitt er fyrir virkan vinnutíma skv. kjarasamningum viðkomandi iðngreinar.

Fyrir vinnu sem að ósk kaupanda er unnin milli kl. 19:00 á kvöldin og til klukkan 7:00 á morgnana og á lögbundnum frídögum, þ.m.t laugar- og sunnudagar, greiðir kaupandi samkvæmt tímajaldi sem gefið er á tilboðsblaði seljanda. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir yfir- eða næturvinnu hjá seljanda með öðrum hætti.

Sú staða getur komið upp að óska þurfi eftir aðstoð seljanda með stuttum fyrirvara vegna verks sem ekki getur þeiotið. Seljandi skal gera ráð fyrir að þurfa að hafa til taks mannskap til að geta sinnt þessum útköllum með minnst tveggja klukkustunda fyrirvara. Greitt er fyrir vinnu í útkalli sem samsvarar tímavinnugjaldi en þó aldrei minna en 4 klst.

### 1.3.1 Tímavinna iðnaðarmanns

Kröfur til iðnaðarmanna sjá kafla 0.3.8.

*Magnskilgreining: Magntala eru klst. fyrir vinnu iðnaðarmanns á tímabilinu frá kl. 07<sup>00</sup> til kl 19<sup>00</sup>.*

*Magntala eru klst. fyrir vinnu iðnaðarmanns á tímabilinu frá kl. 19<sup>00</sup> til kl 07<sup>00</sup>, um helgar og á lögbundnum frídögum.*

### 1.3.2 Tímavinna verkamanns

Kröfur til verkamanna / ófaglærðra starfsmanna sem þó hafa reynslu af vinnu við sambærileg störf, sjá kafla 0.3.8.

*Magnskilgreining: Magntala eru klst. fyrir vinnu verkamanns á tímabilinu frá kl 07<sup>00</sup> til kl. 19<sup>00</sup>.*

*Magntala eru klst. fyrir vinnu verkamanns á tímabilinu frá kl. 19<sup>00</sup> til kl. 07<sup>00</sup>, um helgar og á lögbundnum fríðögum.*

### 1.3.3 Akstur

Starfsmaður skal hafa bifreið til afnota. Kostnaður við rekstur bifreiðar skal innifalinn í viðkomandi einingarverðum.

## 2 Samningsskilmálar

### 2.1 Samningur

Verði tilboð valið skal gera skriflegan samning við bjóðanda. Drög að slíkum samningi er að finna í viðauka I. Með framlagningu tilboðs samþykkir bjóðandi samningsskilmála viðaukans

Útboðsgögn, þ.m.t. viðaukar, svör við fyrirspurnum og athugasemdum til bjóðenda á tilboðstíma og tilboð bjóðanda er hluti af samningi aðila. Stangist texti samningsgagna á við lög, víkur samningstextinn.

### 2.2 Samningstími

Rammasamningur skal gilda í tvö ár og vera uppsegjanlegur í samræmi við ákvæði OIL..

Hugsanlegt er að samningurinn verði framlengdur tvisvar sinnum um eitt ár í senn, séu báðir aðilar því samþykkir. Þar af leiðandi skal heildarlengd rammasamnings mest vera 4 ár. Kaupandi áskilur sér rétt til að framlengja aðeins samning við þá aðila sem staðið hafa í einu og öllu við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi.

### 2.3 Samskipti á samningstíma

Kaupandi skipar fulltrúa sinn til að annast samskipti við seljanda á samningstímanum. Hlutverk hans er að hafa eftirlit með því, fyrir hönd kaupanda, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samnings.

Seljandi skal í tilboði tilgreina þá starfsmenn sem munu sinna þjónustu við kaupanda skv. samningnum. Seljanda er skylt að leita fyrirfram samþykkis kaupanda vegna breytinga á starfsmönnum sem sinna verkinu á gildistíma samningsins og geta jafnframt sýnt fram á að þeir fullnægi kröfum útboðsskilmálanna.

### 2.4 Öryggi á vinnustað og heilbrigðismál

Seljandi getur verið að störfum um allan Garðabæ við mismunandi aðstæður. Kaupandi leggur mikla áherslu á að fyllsta öryggis sé gætt í allri framkvæmd. Seljandi skal taka mið af aðstæðum og umferð að og við vinnusvæði. Seljandi skal viðhafa viðeigandi merkingar og öryggisráðstafanir í samráði við verkefnastjóra kaupanda.

Seljandi skal útbúa öryggis- og heilbrigðisáætlun til samþykktar áður en verksamningur er undirritaður og verður öryggis- og heilbrigðisáætlunin hluti verksamningsgagna.

### 2.5 Greiðslur

Seljandi skal leggja fram reikning mánaðarlega. Réttmætur hluti reiknings verður greiddur eigi síðar en 20 dögum eftir að hann er lagður fram að loknu samþykki kaupanda.

Með framlögðum reikningum skal fylgja útskrift yfir framvindu og tímabil sem reikningsfært er fyrir. Seljandi skal sundurliða reikninga milli verkþátta verksins. Skilyrt er að beiðni fylgi með öllum reikningum seljanda.

### 2.6 Úttagður kostnaður

Þegar verk er unnið í tímavinnu er almennt gert ráð fyrir að kaupandi kaupi efni en velji verkkaupi að seljandi leggi út fyrir efni skal hann reikningsfæra þann kostnað á kaupanda með 15% álagi og leggja með reikningi afriti af reikningum vegna úttagðs kostnaðar.

### 2.7 Verðbætur

Samningsverð verðbætist 1. apríl ár hvert og helst óbreytt þess á milli. Verðbótaútreikningar miðast við launavísitolu útgefna af Hagstofu Íslands fyrir febrúar ár hvert. Grunnvísitala tilboðs er launavísitala í apríl 2021 útgefín af Hagstofu Íslands og er 786,2 stig.

### 2.8 Vanefndir og uppsögn samnings

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála útboðs/samnings. Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa.

Vanefndir seljanda veita kaupanda heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum vanefndarúrræðum fjármunaréttar.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi rift samningi án fyrirvara.

Leiti seljandi nauðasamninga eða grieðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er kaupanda heimilt án fyrirvara að segja samningi upp.

Kaupanda er heimilt, án bóta, að segja upp samningi einhliða í heild eða að hluta meðan á gildistíma hans stendur við þær aðstæður sem kveðið er á um í 91. gr. OIL.

Að öðru leyti fer um heimildir aðila til beitingar vanefndaúrræða eftir almennum reglum fjármunaréttarins.

## 2.9 Starfskjör

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn hans sem koma að framkvæmd samningsins fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni, á samningstímanum.

## 2.10 Endurskoðunarákvæði – breytingar á samningstíma

Kaupandi áskilur sér rétt til að gera breytingar á samningi á samningstímanum að því marki sem slíkt er heimilt samkvæmt 90. gr. OIL.

## 2.11 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þ.m.t. verkum undirverktaka, sé um þá að ræða, og auk þess því tjóni er kaupandi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Seljandi skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Ennfremur skal seljandi vera með ábyrgðartryggingu, sem tekur jafnframt til þriðja aðila, sem tryggir hann gegn tjónum sem hann kann að valda. Seljandi skal afhenda kaupanda staðfest afrit af ábyrgðartryggingu við undirritun samnings og á samningstíma ef kaupandi kallar eftir slíku afriti.

Seljandi skal vera með allar þær tryggingar sem íslensk lög og reglur kveða á um varðandi starfsemi seljanda, og skulu þær vera í gildi. Fari kaupandi fram á að seljandi fær sönnur á að umræddar tryggingar séu til staðar ber seljanda að hlíta því.

Kaupandi leggur ekki fram sérstakar tryggingar vegna samningsins.

## 2.12 Framsal á réttindum og skyldum

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis kaupanda.

Seljanda er óheimilt, án skriflegs samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef seljandi fær slíka heimild breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

Kaupandi áskilur sér rétt í samræmi við 90. gr. OIL, að heimila öðru fyrirtæki að ganga inn í stöðu upphaflegs samningsaðila við framkvæmd samnings þessa, í heild eða að hluta, og skal þá nýr samningsaðili uppfylla allar hæfiskröfur útboðsins.

## 2.13 Ágreiningsmál

Mál sem kunna að rísa út af viðskiptum þeim sem útboð þetta nær til skal vísa til Héraðsdóms Reykjaness.

## 2.14 Viðauki I - Drög að verksamningi

### Þjónusta iðnaðarmanna - Málningarvinna

1. gr.  
Samningsaðilar

Kaupandi:	<b>Garðabær</b>	Seljandi:
Kennitala:	570169-6109	Kennitala:
Heimilisfang:	Garðatorg 7, 210 Gb.	Heimilisfang:
Sími:	525 8500	Sími:
Netfang:	gardabaer@gardabaer.is	Netfang:

2. gr.  
Lýsing  
Samningur þessi er gerður á grundvelli útboðsgagna „[Þjónusta iðnaðarmanna - Málningarvinna](#)“ og tilboði seljanda dags. dd/mm/2021, ásamt fylgigönum.

3. gr.  
Samningsgögn

- ❖ Samningur þessi.
- ❖ Fyrirspurnir og svör á tilboðstíma.
- ❖ Útboðsgögn dagsett júní 2021 er bera nafnið „[Þjónusta iðnaðarmanna - Málningarvinna](#)“.
- ❖ Tilboð seljanda, dagsett XX.XX.2021, ásamt fylgigönum.
- ❖ IST 30

Framkvæmd samningsins skal vera í samræmi við ofangreind gögn sem eru hluti samnings þessa. Komi upp misræmi milli gagna skulu þau sem gera ríkari kröfur á hendur seljanda ganga framar.

4.gr.  
Samningstími

Sjá útboðsgögn.

5. gr.  
Samningsfjárhæð

Sjá tilboð seljanda og útboðsgögn.

6. gr.  
Frumrit samnings

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

7. gr.  
Verðbreytingar

Sjá útboðsgögn.

8. gr.  
Ábyrgð og tryggingar

Sjá útboðsgögn.

*10. gr.*

*Framsal réttinda*

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum nema með samþykki kaupanda.

*11. gr.*

*Ágreiningsmál*

Málum sem kunna að rísa út af samningi þessum skal vísa til Héraðsdóms Reykjaness.

Staður og dagsetning: \_\_\_\_\_

F.h. kaupanda:

---

F.h. seljanda:

---

---

Vottar: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_